



STARFSEMI SKIPULAGS- OG UMHVERFISVIÐS AKRANESKAUPSTAÐAR

- Svið:** Skipulags- og umhverfissvið.
- Stjórnsýsla:** Skipulags- og umhverfisráð.
- Yfirmaður:** Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.
- Undirmenn:** Starfsmenn skipulags- og umhverfissviðs.
-

Meginverkefni sviðsins:

Skipulags- og umhverfissvið (hér eftir nefnt svið) er stjórnunareining innan Akraneskaupstaðar sem sérhæfir sig í skipulags- og byggingarmálum, bruna- og almannavörnum, hreinlætis-, umhverfis-, umferðar- og samgöngumálum og framkvæmdum og rekstri fasteigna og annarra mannvirkja Akraneskaupstaðar. Sviðið sér m.a. um undirbúning allra framkvæmda, s.s. framkvæmdir við fasteignir, götur, gangstéttir og stíga, jarðeignir og lönd, gatnahreinsun, leiksvæði og opin svæði, eignaumsýslu, ásamt innkaupum og útboðum vegna framangreindra þátta. Sviðið sér einnig m.a. um reglubundna endurskoðun aðalskipulags, svæðisskipulag, deiliskipulagsgerðir, byggingareftirlit, húsfriðunarmál, hefur umsjón með landupplýsingakerfi Akraneskaupstaðar, umsjón og eftirlit með brunavörnum og umsjón með hreinlætis-, umhverfis- og samgöngumálum. Vinnuskóli Akraness heyrir einnig undir skipulags- og umhverfissvið.

Sviðið er skipulags- og umhverfisráði til ráðgjafar varðandi stefnumótandi ákvarðanir í þeim málaflokkum sem undir það heyra og annast framkvæmd þeirra. Hlutverk sviðsins er að veita bæjarbúum, bæjarfulltrúum, forstöðumönnum og öðrum þeim sem á þurfa að halda, góða þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar um málaflokka sviðsins.

Sviðið vinnur samkvæmt eftirfarandi samþykktum, reglum og stefnum:

- ♦ Samþykkt bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar um stjórn og fundarsköp.
- ♦ Erindisbréf skipulags- og umhverfisráðs.
- ♦ Stefnumótun um gildi og framtíðarsýn Akraneskaupstaðar.
- ♦ Starfsskyldum stjórnenda Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Fjölskyldustefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Velferðarstefnu Akraneskaupstaðar.



- ♦ Atvinnumálastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Öðrum samþykktum og reglum um stjórn og starfshætti í stjórnslu Akraneskaupstaðar sem bæjarstjórn staðfestir og varða verksvið sviðsins.

Helstu verkefni sviðsins eru þessi:

- ♦ Undirbúningur viðhaldsverka, gerð fjárhagsáætlana, kostnaðar og greiðsluáætlana, kostnaðareftirlit, framkvæmd viðhaldsverka, umsjón og eftirlit, lokaúttekt og uppgjör verka.
- ♦ Gerð leigusamninga og leigureikninga.
- ♦ Viðhald á miðlægum gagnagrunni um fasteignir Akraneskaupstaðar.
- ♦ Viðhald gatna, gönguleiða, opinna svæða, viðhald og hirðingu skrúðgarða, stofnanalóða og opinna svæða.
- ♦ Snjómokstur og hálkueyðing og hreinsun og raflýsing gatna og gönguleiða.
- ♦ Umferðarmerkingar, rekstur og viðhald umferðarljósa.
- ♦ Uppbygging og rekstur leiksvæða og annarra útivistarsvæða.
- ♦ Gróðursetning trjágróðurs og annars gróðurs á opnum svæðum.
- ♦ Sinnir reglubundinni endurskoðun aðalskipulags ásamt gerð nauðsynlegra breytinga vegna þróunar byggðar í samræmi við stefnumörkun bæjarstjórnar.
- ♦ Sinnir gerð svæðisskipulags og deiliskipulagsgerðar.
- ♦ Sinnir opinberu byggingareftirliti samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða.
- ♦ Undirbýr gerð eignaskiptasamninga- og yfirlýsinga.
- ♦ Varðveisla og viðhald gagnagrunns fyrir landupplýsingakerfi Akraneskaupstaðar.
- ♦ Hefur umsjón með lóðaskrá og lóðasamninga ásamt gerð lóða- og mæliblaða.
- ♦ Umsjón með Vinnuskóla Akraness.
- ♦ Umsjón og eftirlit með brunavörnum í samstarfi við slökkviliðsstjóra.
- ♦ Umsjón með sorphirðingu og sorpeyðingu ásamt eftirliti með förgunarstöðum fyrir úrgang.
- ♦ Umsjón með veitingu umhverfisviðurkenninga
- ♦ Annast önnur þau verk er bæjarstjórn felur sviðinu.

Sviðið skal sjá til þess:

- ♦ Að skapa einfalt og skilvirkt stjórnkerfi.
- ♦ Að tryggja faglega hönnun, framkvæmd og viðhald.
- ♦ Að tryggja öryggismál í framkvæmdum Akraneskaupstaðar.
- ♦ Að verkefni sviðsins séu í samræmi við tíma-, fjárhags- og kostnaðaráætlanir.
- ♦ Að ná fram hagræðingu í rekstri.



- ♦ Að tryggja sem besta þjónustu.

Samþykkt á fundi skipulags- og umhverfiráðs Akraness þann 24. febrúar 2020.

Samþykkt á fundi bæjarstjórn Akraness þann 10. mars 2020.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Þráinsson
bæjarstjóri